

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesjasvæðis
Magnús Guðjónsson,
framkvæmdastjóri
Fitjum
260 Njarðvík

Umhverfisstofnun	
Áb.	
- 7. sep. 2011 8.14.2	
Tilv.	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. september 2011
Tilvísun: UST20110800133/þjp

Varðandi frárennslislausn Stolt Sea Farms skv. gr. 9.7 í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

Vísað er til erindis heilbrigðisnefndar Suðurnesja sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti 19. ágúst sl. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um erindi Stolt Sea Farms varðandi losun fráveitu frá fyrirhuguðu fiskeldi fyrirtækisins.


Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum þá á frárennslislausn frá fyrirhuguðu fiskeldi Stolt Sea farm að renna í svokallaðan bunustokk sem innheldur heitt frárennslislausn frá Reykjanesvirkjun HS Orku. Samkvæmt mati Matvælastofnunar er hitastig frárennslislausn af þeirri gráðu að örverur og þekktir sjúkdómavaldar drepast sem tryggir skaðleysi gagnvart umhverfi og náttúrulegum fiskistofnun í nágrenninu.


Á fundi með talsmönnum Stolt Sea farm 8. mars sl. kom fram að vegna mikils öldugangs nær bunustokkur HS Orku bara rétt að fjörumökrum og uppfyllir því ekki gr. 9.2 í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Staðsetning hans er við vesturströnd Reykjaneskaga og er fyrir opnu hafi.

Frárennslislausn frá fiskeldi er ekki mengað af saurgerlum og því stafar heilsu fólks ekki hættu af frárennslinu.

Að teknu tilliti ofantöldu þá telur Umhverfisstofnun að losun frárennslisvatns frá fyrirhuguðu fiskeldi Stolt Sea Farms í bunustokku HS Orku vera fullnægjandi lausn og skilyrði 6. og 10. greinar reglugerðar 798/1999 séu uppfyllt, þ.e.a.s. að heilsu manna stafi ekki hættu og og saurmengun í strandsjó verði undir umhverfismörkum sbr. fylgiskjal 2 í reglugerð 798/1999.

Virðingarfyllt


Kristján Geirsson
deildarstjóri


Gísli Jónsson
sérfræðingur